

2010

Þjóðarspegilinn

Skilnaður og jöfn búseta barna Sýn ömmu og afa

Sigrún Júlíusdóttir
Sólveig Sigurðardóttir

Félagsráðgjafardeild
Ritstjóri: Halldór S. Guðmundsson

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritrynd grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9979-9956-7-8



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Skilnaður og jöfn búseta barna

Sýn ömmu og afa

Sigrún Júlíusdóttir
Sólveig Sigurðardóttir

Rannsóknin er framhald og dýpkun á fyrri rannsóknum, m.a. af framhaldsskóla-rannsókninni *Ungt fólk og fjölskyldugildi*. Þar komu fram vísbendingar um mun á fjölskyldusamskiptum ungmenna almennt og þeirra sem hafa reynt skilnað foreldra m.a. hvað varðar lífsgildi og viðhorf, samskipti ungs fólks við foreldra, ömmur og afa (Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir, 2008). Því var áhugavert að afla frekari vitneskju frá nánustu aðstandendum um *hvernig* fjölskyldutengsl breytast við skilnað. Í viðtalsrannsókn við afmarkaðan hóp foreldra og ömmu/afa, þ.e. 16 fjölskyldna, 3-18 ára skilnaðarbarna var spurt um aðdraganda og framkvæmd skilnaðar; ráðgjöf og stuðning; fyrirkomulag búsetu og -samvista; stöðu barnsins og fjölskyldusamskipti eftir skilnað; kynslóðatengsl. Hér á eftir eru niðurstöður og umfjöllun efnisins afmörkuð við *sýn ömmu og afa á jafna búsetu barna í þeim fimm fjölskyldum* sem höfðu þá skipan.

Markmið. Heildarmarkmið rannsóknarinnar er að varpa skýrara ljósi á aðstæður skilnaðarfjölskyldna, efla skilning um valin atriði varðandi fjölskylduadstæður og kynslóðatengsl og fá fram sjónarmið og reynslu nákominna, m.a. af fyrirkomulagi búsetu og umgengni fyrir velferð barna.

Viðmælendur. Samband við foreldrana fékkst annars vegar með liðsinni kennara 3ja bekkjar í barnaskóla í Reykjavík sem með leyfi skólustjóra bauð foreldrum barnanna þátttöku, og hins vegar með samþykki aðspurðra foreldra úr símakönnun um forsjármál (Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2008). Foreldrarnir vísuðu síðan hver á sína foreldra (ömmur/afa) og öfluðu samþykkis þeirra. Viðtölin fóru flest fram á heimilum viðmælenda, nokkur á vinnustað þeirra eða rannsakenda í Háskóla Íslands. Ýmist var rætt við ömmu/afa-pörin sameiginlega eða sér. Viðtölin tóku um 45-60 mínútur. Meðalaldur barna sem höfðu jafna búsetu og sem viðtölin vörðuðu var 6-8 ára en 3ja ára við skilnaðinn. Meðalaldur foreldra var 35. Heildarmynd viðtalanna einkenndist af áhuga, frásagnarvilja og trúnaðartrausti gagnvart verkefni.

Fræðileg þróun

Tengt snörpum samfélagsbreytingum og umbreyttum lífsháttum hefur upplausn síðagilda ásamt hverfuleika tengslamyndunar haft áhrif á hjónabandsstofnunina og gildi foreldrahlutverka. Skilnaðartíðni nær nú víðast á Vesturlöndum til um þriðjungs hjónabanda og tengist það bæði ytri og innri áhrifaþáttum, m.a. má ætla að álag vegna efnahagsþrenginga, samdráttar á vinnumarkaði og í einkaneyslu snerti afkomu og lífsgæði fjölskyldna, hafi áhrif á hjónaband og uppeldisskilyrði barna og reyni þá enn frekar á stuðningsnet upprunafjölskyldu. Um þetta hefur verið fjallað út frá íslenskum efniviði annars staðar (Sigrún Júlíusdóttir, 2001; Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008).

Börn og ungmenni á vesturlöndum búa við gott atlæti um margt en misheppileg fjölskyldu- og samfélagsáhrif stuðla ekki alltaf sem skyldi að heilsu þeirra og velferð. Þannig verða mörg þeirra beinlínis fyrir skaða af erfiðleikum innan fjölskyldu og þegar

kynslóðatengsl eru rofin vegna skilnaðar. Önnur börn verða fyrir ójöfnum rétti til heilbrigðisþjónustu, verndunar, menntunar og þroska (Rigby og Köhler, 2002; Rigby, Köhler, Blair og Metchler, 2003). Nokkrar íslenskar rannsóknir hafa beinst að afkomu, aðlögunar- og uppeldisskilyrðum í fjölskyldum (Benedikt Jóhannsson, 2004; Guðný Eydal og Ingólfur Gíslason, 2008; Guðný Eydal og Kröger, 2010; Guðný Eydal og Stefán Ólafsson, 2008; Harpa Njáls, 2003; Sigrún Júlíusdóttir, 1993; Sigrún Júlíusdóttir, Friðrik Jónsson, Nanna Sigurðardóttir og Sigurður Grétarsson, 1995). Þrátt fyrir að skilnaðartíðni sé ívið lægri hér á landi en í nágrannalöndunum þá er opinber þjónusta við foreldra hérlendis minni að umfangi og úrræðavali en á Norðurlöndum, m.a. er aðgengi að fræðslu, sáttamedferð og ráðgjöf fábreytilegra (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009; NOSOSKO, 2009). Þessi atriði skipta líklega meiru um félagsleg áhrif skilnaða á börn og foreldra en sjálf tíðni skilnaða í samfélaginu.

Annar áhrifaþáttur er skipan forsjár, búsetu og umgengni en samvistir foreldra og barna eftir skilnað hafa breyst samhliða þróun löggjafar og aukinnar vitneskju um samband foreldrasamvinnu og hagsmuna barna. Samkvæmt rannsókn á fimm fjölskyldugerðum bjuggu fráskildar mæður (einar með forsjá) við lakastan fjárhag, mest vinnuálag og einna minnstan stuðning frá föðurömmu/afa barnanna (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 1995). Sameiginleg forsjá varð lagalegur valmöguleiki við skilnað á Íslandi árið 1992. Niðurstöður rannsókna í kjölfarið sýndu jákvæða reynslu meirihluta foreldra, feður voru almennt sáttari en mæður, og foreldrasamvinna litin jákvæðari augum beggja kynja (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna Sigurðardóttir, 2000). Í rannsókn á reynslu ungmenna reyndist líðan og lífsgæði skilnaðarungmenna ólík hinna í mörgum atriðum og mun lakari í sumum. Miklar breytingar virtust geta átt sér stað í fjölskyldusamskiptum við skilnað, staða og nálægð barna við föður og föðurömmu/afa breytast gjarnan og fela í sér minni tengsl kynslóðanna (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008). Rannsókn á fjölskylduadstæðum að Keili/Ásbrú sýndi að hagstæðar náms- og húsnæðisadstæður skila bættem lífsgæðum til einstæðra foreldra og barna þeirra (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2009).

Lögfesting sameiginlegrar forsjár sem meginreglu árið 2006 var skref í átt að jafnari ábyrgð foreldra og rétti barna til beggja foreldra eftir skilnað. Einnig hafa nú verið settar fram tillögur um talsverðar breytingar í þessu efni á núgildandi barnalögum. Könnun á reynslu foreldra gaf upplýsingar um hvernig foreldrar haga búsetu og umgengismálum ásamt sýn þeirra á höndlun ágreiningsmála af hálfu yfirvalda. Reyndust samvistir barna og foreldra vera jafnari þegar forsjáin var sameiginleg. Um 24% svarenda sögðu barnið dvelja jafnt hjá báðum og höfðu langflestir (86%) í þeim hópi svokallað viku-viku fyrirkomulag. Þannig hefur hægbítandi orðið breyting á viðhorfum fólks og uppeldisadstæðum skilnaðarbarna (Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2008). Samkvæmt rannsókn Ársæls Arnarssonar og Þórodds Bjarnarsonar (2008) bjuggu 4% skólabarna í 6., 8. og 10. bekk „jafnt til skiptis“ hjá báðum foreldrum. Samskipti þeirra við foreldra virtust jafn góð og barna sem búa hjá báðum foreldrum. Niðurstöður íslenskra rannsókna ber að sama brunninu varðandi gildi samvasta barna við báða foreldra í kjölfar skilnaðar og að hnökralaus foreldrasamvinna virðist gegna lykilhlutverki fyrir aðlögun og líðan skilnaðarbarna (Benedikt Jóhannsson, 2007; Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon, 2009). Í námsritgerðum Sólveigar Sigurðardóttur (2008; 2009) er grunnur að rannsókninni sem hér er kynnt.

Erlendar rannsóknir hafa beint athygli að ákveðnum þeim tengdum hlutverkum og kynslóðasamskiptum m.a. um samskipti ömmu/afa og barnabarna og minnkandi tengslum barna við föðurfjölskyldu í kjölfar skilnaðar foreldra (Ahrns og Bowman, 1981; Gladstone, 1988; Matthews og Sprey, 1984; Pfeifer og Sussman, 1991). Langtíma rannsóknir hafa eflt vitneskju um áhrif skilnaðar á börn á lífshlaup þeirra sem fullorðinna og vægi fjölskyldutengsla, búsetuforms og samskipta (Ahrns, 2004;

Skjörten, Barnlindhaug og Lidén, 2007; Wallerstein, 2005; Wallerstein, Lewis og Blakeslee, 2000).

Rannsóknnum ber saman um að börn sem eiga regluleg samskipti og eru í sameiginlegri forsjá foreldra eftir skilnað virðast vera betur aðlöguð, hegðunarlega og tilfinningalega, en börn í forsjá eins foreldris (Bauserman, 2002; Kelly, 2007; Sigrún Júlíusdóttir og Nanna Sigurðardóttir, 2000; Öberg og Öberg, 2002). Reglulegar samvistir og jöfn búseta hafi jákvæð áhrif á aðlögun skilnaðarbarna þar sem báðir foreldrar taka þá virkan þátt í lífi og þroska barnanna (Fabricius og Luecken, 2007; Juby, Bourdais og Marcil-Gratton, 2005; Lee, 2002; Smyth, 2004). Samkvæmt erlendum rannsóknum hafa samskipti foreldra, hlutverkaskipting á heimilinu og kynslóðatengsl fyrir skilnað ásamt tekjum, atvinnuhögum, menntun og lífsgildum, áhrif á skipan forsjár og búsetu eftir skilnað (Juby o.fl., 2005; Kelly, 2007; Ottosen, 2002; Smyth og Weston, 2004). Einnig virðast samskipti á skilnaðartímabilinu hafa áhrif á gæði fjölskyldutengsla til lengri tíma og er þar traust foreldrasamvinna lykilatriði (Ahrns, 2007; Öberg og Öberg, 2002). Aðrir áhrifaþættir um búsetu, fjölskyldutengsl og kynslóðasamskipti eftir skilnað eru landfræðileg fjarlægð, aldur barna og óleyst ágreiningsmál (Ahrns, 2004, 2007; Bernal og Anuncibay, 2008; Pollet, Nettle og Nelissen, 2007; Ross, Hill, Sweeting og Cunningham-Burley, 2007).

Breytingum á fjölskylduhögum barna við skilnað foreldra geta fylgt nýjar áskoranir fyrir ömmur/afa. Fræðimenn hafa fjallað um hvernig samskipti elstu- og yngstu kynslóða séu oft háð samskiptum mið- og elstu kynslóða. Þannig séu þeir sem eiga í góðum samskiptum við eigin börn og tengdabörn líklegri til að eiga óheftan aðgang að barnabörnunum og sterkari tengsl við þau (Bridges, Roe, Dunn og O'Connor, 2007; Drew og Smith, 1999; Hagestad, 2006; Matthews og Sprey, 1984; Mayers og Perrin, 1993; Schutter, Scherman og Carroll, 1997; Spitze, Logan, Deane og Zerger, 1994; Wallerstein og Blakeslee, 2000). Bent hefur verið á að taka þurfi mið af sjónarmiðum allra þriggja kynslóða, ella tapist upplýsingar og það geti skekkt niðurstöður (Hagestad, 2006).

Niðurstöður

Foreldrabópurinn. Hér verða kynntar niðurstöður varðandi reynslu og sýn ömmu/afa barnanna fimm sem höfðu jafna búsetu hjá foreldrum. Þótt ekki verði fjallað nánar um niðurstöður varðandi foreldrana, skiptir máli að upplýsa að án undantekninga litu þau á samskiptin, sín eigin og barnanna við ömmu/afa hinum megin, afar jákvæðum augum. Foreldrar barnanna reyndust alfarið móta þann ramma sem yngri og eldri kynslóðunum var búinn eftir skilnað. Foreldrar höfðu almennt ekki haft samráð við sína foreldra né sett þau inn í skilnaðarmálin fyrirfram. Foreldrarnir fóru allir sameiginlega með forsjána og barnið dvaldi viku í senn hjá hvoru foreldrinu. Í þremur tilvikum skiptust foreldrarnir á að hafa skráð lögheimili barnsins og í tveimur tilvikum var það alfarið hjá móður. Flestir foreldrarnir voru komnir í nýtt samband (8 af 10 foreldrum) og bjuggu með nýjum maka. Nokkrir höfðu eignast börn og/eða stjúpbörn með núverandi maka. Foreldrarnir (tjú) voru almennt fremur vel settir félagslega, höfðu lokið framhaldsnámi, voru búsettir á höfuðborgarsvæðinu í öruggu og góðu húsnæði í sama skólahverfi (barnanna) og unnu meira en fulla vinnuviku. Þrátt fyrir tilfinningalega erfiðan skilnað einkenndist foreldrasamvinnan af sátt og jafningjastöðu þar sem foreldrarnir lögðu eigin ágreining til hliðar og einbeittu sér að hagsmunum barnsins. Þau voru sammála um jafna búsetu barnanna og að hefðbundið umgengnisfyrirkomulag (önnur hver helgi) hefði aldrei komið til greina. Þau höfðu lagt rækt við ömmu/afa-tengsl barnanna beggja vegna, virtu þau og ræktuðu að vissu marki áfram, „barnanna vegna“. Fyrir sem eftir skilnað hjálpuðust þau að með barnapössun, fóru saman á foreldrafundi, héldu saman upp á afmæli barnsins og samræmdu reglur.

Víðmalandabópurinn. Rætt var við sex ömmur og þrjá afa úr fimm fjölskyldum, meðalaldur þeirra var um sextugt. Félags-/fjárhagsstaða þeirra var almennt góð og þau ennþá í launavinnu.

Sýn afa og ömmu

(a) *Aðild.* Ömmur/afar töldu almennt skilnaðarferli foreldranna hafa verið erfitt en í flestum tilvikum hafi ríkt um það sátt, ákvörðunin tekin í sameiningu og eftir á að hyggja hefði ákvörðunin um skilnað verið rétt. Sjálf hefðu þau ekki verið upplýst um skilnaðinn fyrr en eftir að ákvörðunin var tekin og þá á misjafnan máta.

Ég spurði hvort þau vildu ekki sofa á þessu.. og hérna ..og þau töluðu um bæði að þetta væri bara orðið.. sem sagt ákveðið og þetta væri allt saman í góðu. [Móðurafi]

Fyrir mér var þetta rosalega óþæginnlegt hvernig ég frétti þetta og það var nánast eins og ég hefði lesið það í blöðunum.. ég frétti það inni búð þar sem ég var stödd. [Föðuramma/afi]

Ömmur/afar sögðu sig lítil áhrif haft á skilnaðinn og ekki reynt að beita sér í afstöðu með eða á móti.

Allavega, ég reyndi að blanda mér ekki mikið inni.. ég held að það sé ekkert af hinu góða.. þau verða einhvern veginn að ákveða þetta sjálf. [Föðuramma]

Ég tel mig hafa vitað töluvert mikið.. að sjálf sögðu var ýmislegt sem þau eða hann hélt fyrir sig.. en allavega er maður ekki að hafa skoðun eða sem sagt nein áhrif á það á hvorn veginn þetta fer. [Föðuramma]

(b) *Stuðningur.* Þrátt fyrir að vera ekki mikið inni málunum í skilnaðarferlinu var áberandi að ömmur og afar lögðu öll áherslu á mikilvægi fjölskyldustuðnings eftir skilnað. Þau vildu öll vera til staðar fyrir barn sitt og barnabarn.

Þá hlýtur þetta að skipta rosalega miklu máli, bæði fyrir börn og samfélagið að þetta net sé til staðar.. ég meina kerfið hlýtur að vera ódýrara ef að fjölskyldan er til staðar til þess að veita ákveðinn stuðning.. ég er mjög meðvituð um það að ég er í þeirri stöðu að geta veitt þennan.. verið þetta net.. í kringum hann. [Föðuramma]

Sá stuðningur sem ömmur/afar veittu eftir skilnað var af ýmsum toga. Nokkuð algengt var að veittur var fjárhagslegur stuðningur, framfærsluframlag eða vegna kaupa á dýrari hlutum eða eignum. Einnig voru dæmi um að foreldri og barn fluttu tímabundið inn til ömmu/afa eftir skilnaðinn.

Ég held að það hafi verið meira hennar foreldrar.. því hún sat eftir og er í íbúðinni, þau hjálpuðu henni að kaupa hann út [...] Ég sagði honum það bara strax að mér fyndist það alveg rosalega gott.. að það væri velkomið að hann kæmi hingað og við myndum hjálpa honum með stelpuna og allt það. [Föðuramma]

Ömmur/afar aðstoðuðu gjarnan með barnapössun. Þau veittu jafnframt tilfinningalegan stuðning og lögðu áherslu á að vera til staðar, að hlusta á börnin sín og einnig styðja barnabörnin gegnum skilnaðarferlið.

Ég var alltaf tilbúin alveg sama hvaða tími sólahringsins var til þess að hlusta á hann. Hann talar mjög mikið við mig. [Föðuramma]

Við erum bara búin að vera að reyna að hjálpa honum og koma honum og þeim báðum heilum í gegnum þetta.. eða sem sagt honum og stelpunni litlu. [Föðuramma]

(c) *Sýn ömmu og afa á jafna búsetu* var almennt jákvæð. Nokkuð var þó um efasemdir í upphafi en eftir að jafnvægi náðist varðandi fyrirkomulagið virtust ömmur/afar sátt við skipanina og töldu jafna búsetu mæta vel þörfum barnanna og fjölskyldunnar í heild.

Ég er búin að breyta um skoðun á þessu.. ég hélt að þetta væri of mikið rót á barninu en núna er ég bara mjög ánægð með þetta. [...] Ég held að það sé varla hægt að hafa þetta mikið betra. [...] Þeir styrkjast þessir krakkar, held ég, þegar báðir staðirnir eru góðir. [Föðuramma]

Ég er nú sjálfur fylgjandi því að barn fái að vera hjá báðum foreldrum þegar það er hægt.. að þetta sé réttur barnsins frekar en að þetta sé réttur foreldra. [Móðurafi]

Þrátt fyrir almennt jákvætt viðhorf gagnvart skipan samvistanna bar á nokkrum áhyggjum ömmu/afa varðandi framtíð barnsins og aðlögun í jafnri búsetu.

En hitt er annað mál að við höfum s.s. vissar áhyggjur af því að þetta er rosalegt álag á barn.. einmitt vegna þess að báðir foreldrarnir eru virkir og þeir eru mikið á ferðinni og þeir eru í sínum karríer og allt þetta... .planað úti æsar..þessi litlu börn þau sitja uppi með það hlutverk að taka þátt af fullum krafti í fríum beggja, ég hugsa að fríð sé ekkert síður mikið álag heldur en nokkur tímann hversdagurinn. [Föðuramma/afi]

Mér finnst þetta hafa gengið í raun og veru vel.. en ég er að hugsa núna þegar hann er orðin þetta stór.. ég er með einhverjar spurningar. [...] ..ekki [neikvætt] nema bara ef þetta verður til þess að þegar hann verður eldri að hann nær ekki alveg tengingu við vini sína eða skólann, það væri það sem maður myndi hafa áhyggjur af. [Föðuramma/afi]

Ömmur/afar virtust almennt hafa meiri áhyggjur en foreldrarnir af líðan barnanna við þær breytingar sem urðu eftir skilnað. Helstu breytingarnar í lífi barnanna urðu þegar fjölskyldugerðin varð önnur, þ.e. með tilkomu nýrra maka foreldranna, stjúp- og hálf systkina, við það breyttist staða barnsins í fjölskyldunni.

Það er nauðsynlegt að lesa þetta í því samhengi að svo lengi var hún búin að vera svona prinsessa.. sem öll athyglin beindist að.. hún var eina barnið í báðum fjölskyldum.. en svo bara þarna á undraskömmum tíma þá er hún orðin partur af bara feiknarlega stórrí fjölskyldu því að það koma jú bæði börn móður megin og föður megin.. og svo koma þessir nýju makar með ný börn.. þannig að þetta er ekkert lítið fyrir svona barn eins og hún er. [Föðuramma/afi]

Maður getur kannski bara lítið á þetta jákvætt, að eiga svona marga sem að vilja manni vel og margir sem eru góðir við hann. [Föðuramma/afi]

Þrátt fyrir miklar breytingar virtust ömmur/afar vilja líta jákvæðum augum á skilnaðinn fyrir hönd barnabarnanna.

Þetta var mjög góð breyting.. auðvitað hlýtur þetta að vera erfitt fyrir hana.. börn eru bara svo fljót að aðlagast. [...] Henni finnst, held ég, hún hafa grætt á þessu.. henni finnst það betra í rauninni bara að eiga heima á tveimur stöðum. [Föðuramma]

Ég upplif þáð eins og hann [barnið] sakni ekki neins. [Móðuramma]

(d) *Samskipti.* Almenn t þróuðust samskipti innan fjölskyldunnar mjög vel eftir skilnað. Foreldrarnir voru í mikilli samvinnu og höfðu gott samkomulag varðandi barnið. Ömmur/afar lýstu almennt ánægju með hversu góð samskiptin voru milli foreldranna og hvernig þau unnu áfram saman að uppeldinu.

Þau mæta alltaf saman í foreldraviðtöl.. fara jafnvel saman með hann til læknis.
[Móðuramma]

Hvorugt þeirra er fullkomið en það sem mér fannst alltaf stærsti kosturinn við þau bæði var það að þau voru svo ofboðslega góðir foreldrar. [Föðuramma]

Þau hafa borið fulla virðingu fyrir [barninu] og ekki verið með neina stæla hvort út í annað. [Föðuramma/afi]

Það var áberandi meðal viðmælenda að þau tengdu hin góðu tengsl innan fjölskyldunnar eftir skilnað góðu samkomulagi og samskiptum foreldranna.

[Tengslin] hafa alltaf verið mjög fín.. hún kemur hér og umfaðmar okkur og sama með [foreldra hennar], það er bara alveg eins og það getur best verið.
[Föðuramma/afi]

Hins vegar voru ömmur/afar í vissum tilvikum ósátt við að fá minni tíma með barnabarni sínu þar sem foreldrarnir urðu báðir kröfuharðir á þann tíma sem þeir áttu með barninu.

Hún fjarlægist okkur aðeins bara útaf þessu.. við eigum kannski leið hér á þessu svæði þá er það kannski vikan hans þabba þannig að það er ekki alltaf sem við hittum hana endilega. [Móðurafi]

Það breyttist náttúrulega feiknarlega mikið.. minni samvera sem sagt.. það náttúrulega datt út önnur vikan.. og svo náttúrulega vildi hann ekkert missa af henni. [Föðuramma].

Ég næ ekki eins oft í hann.. eftir að hann flutti þá hitti ég hann sjaldnar.. miklu sjaldnar. [Móðuramma]

Föðurömmur virtust aftur á móti í sumum tilvikum koma meira inní myndina eftir skilnað þar sem þær aðstoðuðu son sinn meira þá viku sem hann var með barnið.

Ég sé ekki að skilnaðurinn muni breyta neinu.. það er náttúrulega meiri samskipti af því að hún náttúrulega býr hjá okkur [hans viku]. [Föðuramma].

Ömmur/afar sögðust draga sig í hlé þegar barnið væri hjá hinu foreldrinu og leituðust þá ekki eftir að fá það til sín. Foreldrarnir leituðu frekar til hvors annars eftir barnapössun heldur en til ömmu/afa og þótti þeim það miður.

Við höfum ekki farið út í það sem sagt að biðja um hana.. mér hefur fundist svo dýrmætt að hafa frið.. þannig að ég ætla ekki að verða til neins.. að rugla það eða gera eitthvað illt í því. [Föðuramma/afi]

Í gegnum árin þá kom hann og gisti og svona, núna og sérstaklega eftir að hann varð svona stór og þau búa þarna rétt hjá hvort öðru.. þá hefur hann bara getað farið til mömmu sinnar ef þau hafa ætlað að fara eitthvað og öfugt.. það er örugglega komið bara meira en ár síðan hann hefur gist. [Föðuramma/afi]

(e) *Kynslóðatengsl.* Ömmur/afar höfðu afar jákvæða sýn á kynslóðasamskipti og menningargildi þeirra. Mikilvægt væri að kynslóðir hefðu greiðan aðgang hver af

annarri og veittu gagnkvæman stuðning. Þá kom fram að samvistir kynslóða hefðu jákvæð áhrif á þroska barna, sjálfsmynd þeirra og sýn á lífið.

Ég held að þau skipti alveg rosalega miklu máli. Ég held að það skipti máli bæði fyrir barnabarnið að hafa tengsl. Ég held að þetta hafi með sjálfsmyndina að gera líka.. [Sjálfsmynd] barnsins.. að vita að það hafi sterka fjölskyldu á bakvið sig.. bæði foreldra og afa og ömmur. [Föðuramma].

Þau [barnabörnin] myndi svona heilbrigðari tengsl við ömmurnar og afana, ég held að það sé alveg nauðsynlegt. [Föðuramma]

Móðurafi sagði að það jákvæðasta við kynslóðasamskiptin væri „*ad fá að vera með*”. Almenn töldu ömmur og afar það gefa sér mikið að vera í samskiptum við barnabörn sín og sögðust sækja mikið í þau og njóta þess að vera með þeim.

Ég lít aldrei á það að ég sé eitthvað að passa.. [barnið] er einmitt að koma til mín á morgun og gista.. það er bara tilhlökkun hjá okkur. [Móðuramma]

Umræða og ályktanir

Ætla má að menntunarstig, fjárhags- og atvinnustaða sem og aðdragandi og aðstæður skilnaðarins hafi átt sinn þátt í hæfni þessara foreldra til þess að eiga í góðu foreldrasambandi og vilja stuðla að sem jöfnustum tengslum barns og foreldra ásamt órofum kynslódatengslum beggja vegna. Einnig má ætla að jafnræði í uppeldis hlutverkum fyrir skilnað sem einnig virtist einkennandi fyrir þennan foreldrahóp hafi skipt máli. Heildarmynd niðurstaðna er borin uppi af nokkrum veigamiklum atriðum til viðbótar. Ömmu/afa er haldið utan við skilnaðarferlið, þau fá vitneskju um skilnaðinn eftir að ákvörðun er tekin. Þetta kann að benda til sjálfstæðis foreldranna og að þeirra eigin áhersla á sátt og samkomulag geri þeim kleift að vernda sína nánustu fremur en að leita þar liðsauka. Þetta virðist hafa styrkt áframhaldandi fjölskyldusamhaldni í kringum barnið. Foreldrarnir sýndu ákveðni við sameiginlega ákvörðun og uppeldissamstarf. Þannig treysta amma/afi foreldrunum til að gera það besta varðandi börnin þótt þau hafi sína skoðun. Fram kom jákvæðni þeirra varðandi búsetufyrirkomulagið en þó alls ekki eins afgerandi og hjá foreldrunum. Þannig réttlæta þau það ekki sérstaklega, en eru stolt af samvinnu ungu foreldranna um hagsmuni barnsins og ánægð að sjá að vel gengur. Þau tjá þó skýrt vissar efasemdir og áhyggjur um velferð barnsins í síbreytilegri tilveru. Það þurfi að hafa meira fyrir því að varðveita og rækta verðmæt tengsl barna og ömmu/afa. Þeim finnst sárt að börnin eru minna hjá þeim en áður þar sem foreldrarnir slá vörð um „sinn tíma“ með barninu. En þau eru skilningsrík og „þora ekki að trana sér fram“ eða „biðja um barnið“ þegar það er hjá hinu foreldrinu. Þau eru jafnframt tilbúin að stíga fram og veita stuðning þegar á þarf að halda. Stundum finnst þeim eins og sín sé ekki þörf eða þau „gleymist“, en leggja sjálf áherslu á að þeirra hlutverk sé mikilvægt sem bakland, til að veita börnunum ró og „miðla þeim gömlum gildum“. Ömmu/afa finnst gleymast að skilnaðurinn var þeim líka áfall, þau standi til hliðar en vildu vera meiri þátttakendur. Þeim verður tíðrætt um gildi tengslanna, kynslóðasamskipta og stöðu ömmu/afa sem bakhjarla.

Sú viðbótar þekking sem hér hefur fengist um reynslu fjölskyldna af umdeildu búsetu- og samvistafyrirkomulagi fyrir velferð barna staðfestir það sem fyrri rannsóknir hafa leitt í ljós: það er foreldrasamvinna og samstaða milli fjölskyldna barnsins sem mestu skiptir um hvernig sátt næst kringum barnið. Þótt sambúð foreldra sé lokið hafa þau það sameiginlega markmið að geta annars vegar átt góð samskipti og foreldrasamvinnu sín á milli og hins vegar verið bæði í góðu sambandi við barnið og stuðlað þannig að gæðasamveru barnsins og aðstandenda þess (Smyth, 2004, 2005;

Öberg og Öberg, 2002). Í þeim efasemdum sem komið hafa fram um jafna búsetu er einkum bent á nauðsyn þess að haga málum með hliðsjón af aldri barnsins, sömuleiðis þurfi að gefa gaum að misjöfnu þoli barna fyrir breytingum í daglegu lífi og mikilvægi samfelli í lífi skólabarnsins (NOU 2008:9; Skjörten o.fl., 2007).

Hinu er þó ósvarað hvort þessum hópi skilnaðarbarna reiði almennt betur af en öðrum þegar til lengri tíma er litið. Til þess að fá um það vitneskju þarf að fylgja fleiri börnum eftir yfir lengri tíma. Eigi að síður gefur sú þekking sem hér hefur fengist, gagnlegar vísbendingar um að miklu skipti að styrkja fjölskyldur í gegnum skilnaðarferlið og styðja við uppbyggilega aðkomu eldri kynslóðarinnar að vellíðan barnanna og órofnu sambandi þeirra. Þetta á þó líklega enn frekar við um foreldra sem hafa ekki borið gæfu til að standa vel að málum af eigin rammleik. Þeim þarf að standa til boða almenn fræðsla, ráðgjöf og aðstoð við að skipuleggja samskipti efir skilnað og fylgja þeim eftir. Um slíkar úrbótahugmyndir hefur verið fjallað nánar annars staðar og tillögur settar fram, bæði hvað varðar þörf á frekari rannsóknum og þjónustu (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Í þessu felst meðal annars almenn fræðsla og forvarnarstarf sem tengist lífsskeiðabreytingum og áföllum í fjölskyldum eins og skilnaði. Í stuttu máli snúa slíkar aðgerðir að (i) fjölskyldufræðslu á öllum skólastigum, (ii) almennri fræðslu um foreldrahlutverk og fjölskylduábyrgð fyrir alla foreldra sem eiga von á fyrsta barni, (iii) skipuleg skilnaðarfræðsla til allra foreldra sem sækja um skilnað, bæði í formi samræðna, ráðgjafar og miðlun fræðsluefnis, (iv) sérstök aðstoð við foreldra sem eiga í vanda við lausn mála í skilnaðarferlinu og stuðningur við börn (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008; Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009).

Heimildir

- Ahrons, C. R. (2007). Family ties after divorce: Long-term implications for children. *Family Process*, 46(1), 53-65.
- Ahrons, C. R. (2004). *We're still family. What grown children have to say about their parents' divorce*. New York: HarperCollins Publisher.
- Ahrons, C. R. og Bowman, M. E. (1981). Changes in family relationship following divorce of adult child: Grandmother's perception. *Journal of Divorce*, 52(4), 340-351.
- Ársæll Arnarsson og Þóroddur Bjarnason. (2008). Jafnt til skiptis? Tvískipt búseta barna og samskipti þeirra við foreldra. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum IX* (bls. 151-158). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Bauserman, R. (2002). Child adjustment in joint-custody versus solo-custody arrangements: A meta-analytic review. *Journal of Family Psychology*, 16(1), 91-102.
- Benedikt Jóhannsson. (2004). *Börn og skilnaðir*. Reykjavík: Skálholtsútgáfan.
- Benedikt Jóhannsson. (2007). Börn og fjölskylduáðstæður – könnun. *Afram ábyrgð. Ábrif skilnaðar á börn og leiðir til úrbóta*. Reykjanesbær: Kjalarnessprófastsdæmi og Reykjanesbær. Ráðstefnurit.
- Bernal, J. G. og Anuncibay, R. D. (2008). Intergenerational grandparent/grandchild relations: The socioeducational role of grandparents. *Educational Gerontology*, 34(1), 67-88.
- Bridges, L. J., Roe, A. E. C., Dunn, J. og O'Connor, T. G. (2007). Children's perspectives on their relationships with grandparents following parental separation: A longitudinal study. *Social Development*, 16(3), 539-554.
- Drew, L. A. og Smith, P. K. (1999). The impact of parental separation divorce on grandparent-grandchild relationship. *International Journal of Aging & Human Development*, 48(3), 191-216.
- Fabricius, W. V. og Luecken, L. J. (2007). Postdivorce living arrangements, parent conflict, and long-term physical health correlates for children of divorce. *Journal of Family Psychology*, 21(2), 195-205.
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (2009). *Skýrsla nefndar um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerð*. Reykjavík: Höfundur.
- Gladstone, J. W. (1988). Perceived changes in grandmother-grandchild relations following a child's separation or divorce. *Gerontologist*, 28(1), 66-72.
- Guðný Eydal og Ingólfur Gíslason (ritstjórar). (2008). *Equal rights to earn and care*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Guðný Eydal og Stefán Ólafsson. (2008). Family policies in Iceland: An overview. Í I. Ostner og C. Schmitt (ritstjórar), *Family policies in the context of family change. The nordic countries in comparative perspective* (bls. 109-128). Netherlands: VS Verlag.
- Guðný Eydal og Teppo Kröger. (2010). Nordic family policies: constructing contexts for social work with families. Í H. Forsberg og T. Köger (ritstjórar), *Social work and child welfare politics* (bls. 11-28). Bristol: The policy press.
- Hagestad, G. O. (2006). Transfers between grandparents and grandchildren: The importance of taking a three-generation perspective. *Zeitschrift für Familienforschung*, 18, 315-331.
- Harpa Njáls. (2003). *Fátækt á Íslandi við upphaf nýrrar aldar. Hin dulda félagsgerð borgarsamfélagsins*. Reykjavík: Borgarfræðasetur og Háskólaútgáfan.
- Juby, H., Bourdais, C. L. og Marcil-Gratton, N. (2005). Sharing roles, sharing custody? Couples characteristics and children's living arrangements at separation. *Journal of Marriage and Family*, 67(1), 157-172.
- Kelly, J. B. (2007). Children's living arrangements following separation and divorce: Insights from empirical and clinical research. *Family Process*, 46(1), 35-52.
- Lee, M. (2002). A model of children's postdivorce behavioral adjustment in maternal- and dualresidence arrangements. *Journal of Family Issues*, 23(5), 672-697.

- Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. (2009). *Ungt fólk 2009. 8., 9., og 10. bekkur. Menntun menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn ungmenna á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknir og Greining.
- Matthews, S. H. og Sprey, J. (1984). The impact on divorce on grandparenthood. – An exploratory-study. *Gerontologist*, 24(1), 41-47.
- Mayers, J. E. og Perrin, N. (1993). Grandparents affected by parental divorce – a population at risk. *Journal of Conseling and Development*, 72(1), 62-66.
- NOSOSKO. (2009). *Social tryghed i de nordiske lande. Omfang, udgifter og finansiering 2007/08*. Version 35.. Kaupmannahöfn: NOSOSKO.
- NOU. (2008:9). Med barnet i fokus- en gjennomgang av barnelovens regler om foreldreansvar, bosted og samvær. Oslo: NOU. .
- Ottosen, M. H. (2002). *Samboskab, Ægteskab og Forældrebrud. En analyse af børns familieforhold gennem de første leveår*. Kaupmannahöfn: Socialforskningsinstituttet.
- Pfeifer, S.P. og Sussman, M. B. (ritstjórar). (1991). *Families: Intergenerational and generational connections*. New York: The Haworth press.
- Pollet, T. V., Nettle, D. og Nelissen, M. (2007). Maternal grandmother do go the extra mile: Factoring distance and lineage into differential contact with grandchildren. *Evolutionary Psychology*, 5(4), 832-843.
- Rigby, M. J. og Köhler, L. I. (ritstjórar). (2002). *Child Health Indicators of Life and Development, CHILD*. U.K.: European Commission.
- Rigby, M. J., Köhler, L. I., Blair, M. E. og Metchler, R. (2003). Child health indicators for Europe. A priority for a caring society. *European Journal of Public Health*, 13(3), 38-46.
- Ross, N., Hill, M., Sweeting, H. og Cunningham-Burley, S. (2007). *Grandparents and teen grandchildren: Intergenerational relationship*. Glasgow: University of Glasgow.
- Schutter, M. E., Scherman, A. og Carroll, R. S. (1997). Grandparents and children of divorce: Their contrasting perceptions and desires for the postdivorce relationship. *Educational Gerontology*, 23(3), 213-231.
- Sigrún Júlíusdóttir. (1993). *Den kapabla familien id et islenska sanbellet. En studie om lojalitet, ektenskapsdynamik och psykosocial anpassning*. Óbirt doktorsritgerð: Göteborgs universitet/Félagsvísindastofnun HÍ.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldabörf. Náin tengsl og uppeldisskið barna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir (ritstjóri), Friðrik Jónsson, Nanna Sigurðardóttir og Sigurður Grétarsson. (1995). *Barnafjölskyldur: Samfélag - lífsgildi – mótun*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2008). Sameiginleg forsjá sem meginregla og íhlutun stjórnvalda. Rannsókn um sjónarhorn foreldra. *Tímarit lögfræðinga*, 4(58), 465-494.
- Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir. (2008). *Ungmenni og attartengsl. Rannsókn um reynslu og sýn skilnaðarungmenna*. Reykjavík: Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd og Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir og Nanna Sigurðardóttir. (2000). *Áfram foreldrar. Rannsókn um sameiginlega forsjá og velferð barna við skilnað foreldra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir. (2009). *Félagsleg skilýrði og lífsgæði. Rannsókn á hógum einstæðra foreldra á Ásbrú/Keili í Reykjanesbæ*. (Ritröð, þriðja hefti). Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.
- Skjorten, K., Barlindhaug, R. og Lidén, H. (2006). *Delt bosted for barn*. Oslo: Gyldendal.
- Smyth, B. (2004). Parent-child contact schedules after divorce. *Family Matters*, 69, 32-43.
- Smyth, B. (2005). Time to rethink time? The experience of time with children after divorce. *Family Matters*, 71, 4-10.
- Smyth, B. og Weston, R. (2004). The attitudes of separated mothers and fathers to 50/50 shared care. *Family Matters*, 67, 8-15.

- Sólveig Sigurðardóttir. (2008). *Kynslóðasamskipti í kjölfar skilnaðar. Fræðilegt og lagalegt sjónarhorn*. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Sólveig Sigurðardóttir. (2009). *Jöfn búseta barna hjá báðum foreldrum eftir skilnað. Viðtalsrannsókn á reynslu tíu foreldra*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsráðgjafardeild.
- Spitze, G., Logan, J. R., Deane, G. og Zerger, S. (1994). Adult childrens divorce and intergenerational relationship. *Journal of Marriage and the Family*, 56(2), 279-293.
- Wallerstein, J. S. (2005). Growing up in the divorced family. *Clinical Social Work Journal*, 33(4), 401-413.
- Wallerstein, J. S., Lewis, J. M. og Blakeslee, S. (2000). *The Unexpected legacy of divorce. A 25 year landmark study*. New York: Hyperion.
- Öberg, G. og Öberg, B. (2002). *Vuxna skilsmässobarn beráttar*. Stokkhólmur: Prisma.